



BÓNDAVARÐAN

25. OKTÓBER 2021. 20. ÁRGANGUR

MÚLAPING

GLEÐILEGT MYRKUR



LJÓSMYND: ÞURÍÐUR HARÐARDÓTTIR

ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Nú þegar að við höldum inn í haustið og búum okkur undir veturinn, sem að mínu mati er ávallt gefandi tími, fer vel á því að líta aðeins í baksýnispegilinn og rifja upp það sem á daga okkar hefur drifið það sem af er ári.

Óhætt er að segja að það sé ánægjulegt að langt séu komnar framkvæmdir við kassaverksmiðju í Gleðivík. Sú framkvæmd mun leiða það af sér að framhald verður á jákvæðri atvinnuþróun á svæðinu. Framkvæmdir eru hafnar við íbúðarhúsnæði á vegum Hrafnshóls og fyrir liggur að ráðist verður í íbúðabyggingu á vegum leigufélagsins Bríetar. Framkvæmdir eru einnig hafnar við endurnýjun og lengingu stálþils við Djúpavogshöfn sem lokið verður við á næsta ári.

Horft er til umfangsmikilla framkvæmda við eflingu fráveitukerfis á Djúpavogi og ber að fagna því að fiskeldissjóður kaus að verða við ósk sveitarfélagsins um að veita styrk úr sjóðnum til framkvæmdarinnar. Sá styrkur nemur tæpum 30 millj.kr. og mun flýta verulega fyrir því að af þeim framkvæmdum geti orðið. Orkufjarskipti eru langt komin með að ljúka framkvæmdum í tengslum við lagningu ljósleiðara á svæðinu og til skoðunar eru úrræði sem horft er til að raungera eigi síðar en á komandi ári sem munu tryggja öflugar fjarskiptatengingar á öllu svæðinu innan fyrrum Djúpavogshrepps til framtíðar.

Þessu til viðbótar er í undirbúningi endurskoðun aðalskipulags þar sem áherslan verður m.a. á stækkun hafnarsvæðis á Djúpavogi þannig að hægt verði að þjónusta fiskeldi, fiskveiðar og skemmtiferðarskip með viðunandi hætti til framtíðar.

Ef horft er til stjórnsýslu sveitarfélagsins þá er mitt mat það að við búum að öflugum starfsfólki sem staðsett er á Djúpavogi og sem hefur, auk þess að sinna nærumhverfinu, styrkt stjórnsýslu sveitarfélagsins Múlaþings í heild sinni. Reynslan af heimastjórn hefur einnig sýnt að ákvörðunin varðandi heimastjórnarfyriðkomulagið var hárrétt. Fulltrúar í heimastjórn Djúpavogs hafa unnið faglega og ákveðið að þeim áherslum er snúa að nærsamfélaginu og eru til þess fallnar að efla það til framtíðar. Ég vil því nota tækifærið og þakka þessum mannauð, sem hefur kosið að starfa innan okkar raða, fyrir vel unnin störf.

Nú á haustdögum er unnið að því innan stjórnsýslu sveitarfélagsins að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun Múlaþings fyrir árin 2022-2025. Sú áætlun grundvallast á þeim ramma er liggur að baki gildandi fjárhagsáætlunar. Horft hefur verið til þess að rekstur fyrstu þriggja ára Múlaþings verði ekki auðveldur en samt sem áður er á það lögð áhersla að fjárfesta í innviðum með þeim hætti að hægt verði að efla þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Þannig verði Múlaþing áfram vænlegur búsetukostur fyrir bæði okkur öll og þau sem kjósa til okkar að flytja.

Að lokum vil ég þakka ykkur öllum fyrir gefandi samskipti og hlakka til þess er framundan er.

Sveitarstjóri.

ZION STÆKKAR!

Á nýju starfsári hefur starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Zion tekið stakkaskiptum frá því sem áður var. Við sameiningu sveitarfélaganna fjögurra í sveitarfélagið Múlaþing var ákveðið að samræma þjónustustig félagsmiðstöðvanna til þess að tryggja sambærilega þjónustu óháð búsetu. Þetta hefur haft í för með sér gríðarlega þjónustuaukningu hér á Djúpavogi fyrir ungmennin okkar, sem er mikill sigur. Opnum húsum hafa fjölgað úr einu skipti í viku fyrir elsta stig upp í tvö til þrjú á viku. Miðstig fer úr einni opnun í mánuði upp í fast opið hús vikulega á miðvikudögum og einn föstudag til viðbótar mánaðarlega. Starfshlutfall forstöðumanns hefur verið aukið úr 30% í 100% stöðu samhliða því að tímastarfsmenn hafa verið ráðnir til þess að vinna á opnum húsum. Þetta hefur haft afar jákvæð áhrif á starfsemi Zion. Meiri þjónusta, faglegra starfsumhverfi og meira starfsöryggi hlýst af þessum breytingum. Samhliða þessu hefur gátt til þess að vinna stærri og fjölbreyttari verkefni með öðrum bæjarfélögum innan Múlaþings opnast. Stefnt er að því að snaruka samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í formi afþreyingar og fræðslu öllu ungu fólki til framtíðar innan Múlaþings.

Það er ljóst að framtíðin er björt fyrir Zion og það er mitt mat að meiri þjónusta eigi eftir að skila sér í stórbættu umhverfi fyrir unga fólkið okkar á sviði æskulýðs- og tómstundamála.

William Óðinn Lefever, Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zion.

FRÁ MENNTASKÓLANEMA



Sæl verið þið kærur Djúpavogsbúar!

Ég heiti Þór Albertsson og er frá Kápugili í Berufirði. Ég hóf menntaskólagöngu mína haustið 2018, þá 15 ára gamall. Ég kláraði grunnskóla á 9 árum sem varð þess valdandi að ég gat farið ári fyrr í menntaskóla. Það að fara ári fyrr í menntaskóla var klárlega mjög erfið ákvörðun, en ég sé alls ekkert eftir því að hafa tekið hana þar sem það var mjög þroskandi.

Fyrsta árið var mjög lærdómsríkt og skemmtilegt, ég gat byrjað að æfa fótbolta með Hetti af fullum krafti sem var geggjafi, þar sem ég hafði fram að því þurft að keyra á æfingar nokkrum sinnum í viku. Sama má segja með fyrri hlutann af öðru ári, það var í raun seinasta „venjulega“ sem ég upplifði sem menntaskólanemi. Því eftir áramót komu

fram hinar ýmsu samkomutakmarkanir vegna covid-19. Ég var mest heima og þurfti að læra þar, ásamt því að reyna halda mér í einhvers konar rútínu og hreyfa mig reglulega. Ég ætla ekki að ljúga, þessir tímar eru sennilega þeir leiðinlegustu sem ég hef upplifað á minni ævi. Það var mjög erfitt að reyna að halda sér í rútínu gefast einfaldlega ekki upp. Þriðja árið var ekki alveg jafn slæmt og annað árið, en samt sem áður með einhvers konar takmörkunum. Félagslíf okkar menntaskólanema hefur í raun ekki verið til í um eitt og hálft ár sökum covid-19, sem er algjör harmleikur. Menntaskólinn á Egilstöðum er mjög góður skóli og ég er þakklátur fyrir að hafa skóla hér á Austurlandi sem er nærri minni heimabyggð og ég er líka þakklátur fyrir alla þá sem ég kynntist, þó svo að margt hafi verið skrátið vegna heimsfaraldursins.

Ég hlakka til að útskrifast af náttúrufræðibraut núna um jólin 2021, og er spenntur að sjá hvað ég ákveð að gera næst. Líklegast fer ég í háskóla næsta haust, en hvað ég ætla að læra á eftir að koma í ljós.

Þór Albertsson, Kápugili

FRÉTTIR FRÁ KVENFÉLAGINU VÖKU

Starfsemi félagsins hefur ekki verið mikil síðustu mánuðina vegna ástæða sem allir vita. En ekki höfum við þó setið aðgerðarlausar. 2021 höfum við t.d. tekið að okkur að sjá um veitingar á einkasýningu Sigurðar Guðmundssonar og á Cittaslow sunnudeginum, selt bolludagsbollur, selt blóm, haldið félagsvistir og þrifið stíkur á Öxi.

Undanfarin ár höfum við gefið grunnskólanum ýmislegt sem nýst hefur til kennslu t.d. 5 spjaldtölvur. Einnig höfum við gefið leikskólanum okkar spjaldtölvur, útirólur fyrir yngstu börnin og önnur leiktæki sem nýtast bæði úti og inni.

Kirkjunni okkar höfum við fært rykkilín, stólu, bænakerstjaka, kaffikönnur, leirtau, ásamt snúningsfæti ætluðum undir líkkistur við jarðarfarir.

Kvenfélagið hefur styrkt Neista og einstaklinga.

Við stóðum fyrir söfnun fyrir ærslabelginn og tveimur útiborðum og margt fleira.

Kvenfélagið Vaka er skemmtilegur félagsskapur fyrir allar konur, sem fundar fyrsta þriðjudag í mánuði, frá október fram í maí. Okkur langar að hvetja konur að koma á fund og kynna sér starfsemina okkar.

Stjórn félagsins:

Bergþóra Birgisdóttir formaður

Ingvaldur Björk Björnsdóttir varaformaður

Hólmfríður Haukdal gjaldkeri

Kristrún Björg Gunnarsdóttir varagjaldkeri

Stefanía Hannesdóttir ritari

Drífa Ragnarsdóttir vararitari.

SÝNINGIN ALHEIMURINN ER LJÓÐ OPNAÐI Í BRÆÐSLUNNI Í SUMAR



Sýning Sigurðar Guðmundssonar *Alheimurinn er ljóð* opnaði með viðhöfn 10. júlí síðastliðinn í Bræðslunni. Sýningin samanstóð af ólíkum verkum listamannsins frá árunum 1969–2021.

Ferill Sigurðar er fjölbreyttur og miðlarnir ólíkir en póetískur tónn hefur umvafið verk hans alla tíð, hvort sem um er að ræða ljósmyndaverk, höggmyndir, teikningar, grafíkverk eða gjörninga hans, en hann hefur einnig samið tónverk, ljóð og gefið út fjórar skáldsögur.

Sýningin var rökrétt framhald af síðustu útgáfu Sigurðar *Ljóð* og *Ljóð* sem kom út árið 2020 og var safn af ljóðum listamannsins. Verkin á sýningunni voru ljóð í sjálfu sér – líkt og titill sýningarinnar gaf til kynna – en Sigurður lítur á alheiminn sem ljóð og í samskiptum sínum við hann finnst listamanninum bæði gott og rétt að upplifa alheiminn sem ljóð (SG, *Alheimur*, 2019).

Sigurður Guðmundsson (f.1942) er meðal fremstu myndlistarmanna Íslendinga. Hann býr og starfar á Djúpavogi, í Reykjavík, Amsterdam og Xiamen í Kína. Sýningin *Alheimurinn er ljóð* fór fram í Bræðslunni og var

opin til 15. ágúst. Sýningin var samstarfsverkefni Múlapings, Kínverks-evrópsku menningarmiðstöðvarinnar – CEAC og ARS LONGA með stuðningi frá Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Sýningarskrá kom út samhliða sýningunni sem unnin var í samvinnu við Studio Studio. Sýningar- og framkvæmdastjórn var í höndum Kristínar Dagmarar Jóhannesdóttir í samvinnu við Hildi Rut Halblaub & Þór Vigfússon.

Alheimurinn er ljóð var vel sótt og heimsóttu yfir sexþúsund manns sýninguna í sumar.



Eftir opnun sýningarinnar tilkynnti Sigurður Guðmundsson að hann færi Ars Longa, nýstofnuðu alþjóðlegu samtímalistasafni á Djúpavogi, listaverkagjöf tuttugu og sjö listaverka. Öll verkin mátti finna á sýningu Sigurðar í sumar.

Verkin sem tilheyra listaverkagjöf Sigurðar spanna meira en 50 ára tímabil af ferli hans. Samanlagt verðmat verkanna eru rúmar 125 milljónir króna eða rúmlega ein milljón Bandaríkjadala. Ars longa samtímalistasafn hefur því eignast stærstu safneign af verkum Sigurðar á landsvísi og mörg þeirra talin lykilverk í ferli listamannsins. Aðeins Stedelijk Museum í Amsterdam á stærri safneign af verkum Sigurðar sem á fimmtíu og sjö verk eftir hann.

Sigurður Guðmundsson, sem er ásamt Þór Vigfússyni stofnandi hins nýja safns, segist vona að innan fárra ára verði þessi safneign orðin lítil innan um ný aðföng af listaverkum eftir samtímalistamenn jafnt erlendra sem íslenskra listamanna. Listaverkagjöfin verður flutt í ný húsakynni Ars longa, húsið Vog.

CITTASLOW SUNNUDAGURINN 2021

Djúpivogur er aðili að alþjóðlegu Cittaslow samtökunum og leggur áherslu á gildin sem þar eru heiðruð, sérkenni svæðisins og menningu þess. Síðasta sunnudag í september er Cittaslow sunnudagurinn haldinn hátíðlegur í öllum aðildar sveitarfélögum Cittaslow, um heim allan.

26. september síðastliðinn var Cittaslow fagnað og því að enginn annar staður er eins og Djúpivogurinn góði.



Í ár var slegið upp kynningarmarkaði í Löngubúð í tilefni dagsins þar sem sköpunarkrafturinn á svæðinu skein í gegn og sýndi hvað fjöldi fólks og fyrirtækja eru að gera fjölbreytta og spennandi hluti. Sum þeirra voru með vörur sínar til sölu sem áttu það allar sameiginlegt að vera upprunnar eða framleiddar á Djúpavogssvæðinu. Allt í takt við hugmyndafræðina góðu. Einnig voru nokkur félagasamtök og fyrirtæki með kynningu á sinni starfsemi og tóku spjallið við gesti.

- o Ágústa Margrét kynnti vörur sínar og nálgun sem markþjálf. Hún var með fallegan varning til sölu.
- o Búlandstindur kynnti afurð sína með skemmtilegum og fjölbreyttum hætti. Gestir hámuðu í sig góðgæti þeirra og tóku spjallið.
- o Ferðafélag Djúpavogs kynnti félag sitt og myndir úr þeim.
- o Djúpavogskirkja var á staðnum og bauð gestum og gangandi í spjall.
- o Djúpavogsskóli kynnti starf sitt og bauð öllum í spjall sem vildu.
- o Adventura kynnti fyrirtæki sitt og hvað hefur drifið á daga þess síðustu vikur og mánuði.
- o Austurbrú var á staðnum og fór yfir þá viðburði og verkefni sem þau fást við.

- o Leikskólinn Bjarkatún kynnti starf sitt og seldi afurðir og uppskeru sína frá liðnu sumri. Skólinn safnaði með söluinni fyrir verkefninum fallega Jól í skókassa sem Bjarkatún tekur þátt í.
- o Hafsalt kynnti og seldi frábærar vörur sínar sem allar eru staðbundin framleiðsla.
- o Skógræktarfélag Djúpavogs bauð upp á skráningu í félagið, kynnti það fyrir gestum og gaf afleggjara til íbúa sem gengu í félagið.
- o Íris Birgisdóttir kynnti til leiks verkefnið hennar Undir Búlandstindi en sköpunarkraftur hennar er mikill og margt á hennar þrjónum. Hún seldi þurrkaða vendi sem seldust eins og heitar lummur ásamt því að kynna örnefnakort Eyjólfss Guðjónssonar á Framnesi.
- o Nýstofnuð íbúasamtök Djúpavogs & nærsveita buðu fólki samtalið og tók við hugmyndum og ábendingum frá íbúum.
- o Lefever Sauce Company kynnti vörur sínar, seldi og leyfði fólki að smakka.
- o Frú Stefanía var á staðnum og seldi og kynnti vörur sem fyrirtækið selur.
- o Kvenfélagið Vaka kynnti starfsemi sína fyrir gestum.
- o Múlaping var svo einnig með bús tileinkaðan Cittaslow hugmyndafræðinni og þeim verkefnum sem hafa verið á því borði undanfarin misseri ásamt því að starfsmaður tók spjallið um framtíðarsýn Cittaslow á Djúpavogi í nýju sveitarfélagi. Cittaslow á Djúpavogi bauð öllum gestum upp á pönnukökur, kleinur og kaffi sem voru bakaðar af Kvenfélaginu Vöku.

Markaðurinn var mjög vel sóttur og gekk vel. Mikil gleði var meðal fólks að geta loksins hist og glaðst saman. Myndataka var í höndum Óskars Ragnarssonar.

Djúpivogur, þar sem tíminn liður hægar!



FRELSI



10. júlí síðastliðinn var listaverkið *Frelsi* afhjúpað á Djúpavogi en verkið var gjöf frá ríkisstjórn Íslands, Fiskeldi Austfjarða og hlutabréfseigendum verksins.

Verkið stendur við hlið Löngubúðar á Djúpavogi og er tileinkað minningu Hans Jónatans og þeim alþjóðlegu viðhorfum sem krefjast þess að höfundslitur ráði ekki rétti manna. *Frelsi* og er verk hins kunna listamanns Sigurðar Guðmundssonar

Með verkinu *Frelsi* vonast sveitarfélagið Múlaþing til að persónu Hans Jónatans, afkomenda hans á Íslandi og sögu þrælanna, sem knúðu fram réttlætið, verði minnst.

Hans Jónatan

Karabíski þrellinn sem varð verslunarstjóri á Djúpavogi.

Fæddur: 5. júlí 1784 á Constitution Hill á Dönsku Jómfrúareyjunni St. Croix.

Dáinn: 18. desember 1827 í Borgargarði, Djúpavogi.

Leysinginn, Hans Jónatan, tengir Ísland sterkari böndum en nokkur annar við sögu þrældóms á síðustu öldum. Hann var fæddur í þrældóm því móðir hans var ambátt ættuð frá Afríku, faðirinn var hvítur, líklega danskur. Sjö ára að aldri var Hans Jónatan fluttur til

Kaupmannahafnar á heimili eigenda sinna Schimmelmannahjónanna, sem þá voru flutt til Danmerkur frá St. Croix. Hann gat sér gott orð í orrustunni um Kaupmannahöfn árið 1801 og barðist sem háseti um borð í skipinu Charlotte Amalie. Fyrir vasklega framgöngu fékk Hans Jónatan loforð Friðriks, krónprins Dana, um lausn úr ánauð sinni. Það dugði þó ekki til. Eigandi hans höfðaði sögulegt mál til að staðfesta eign sína á Hans Jónatan og vann málið. Hans Jónatan sætti sig ekki við niðurstöðuna, kaus frelsi og strauk árið 1802. Hann settist loks að á Djúpavogi þar sem hann gegndi verslunarstörfum og gerðist bóndi.

Íslendingar tóku Hans Jónatan vel og hann reyndist góður þegn. Ekkert bendir til að hann hafi liðið fyrir dökkan hörundslit eða uppruna sinn í þrældómi. Afkomendur Hans Jónatans og eiginkonu hans, Katrínar Antoníusdóttur frá Hálsi í Hamarsfirði, hafa dreifst um allan heim og teljast nú um eitt þúsund.

Afkomendur Hans Jónatans hafa haldið hópinn og hisst á ættarmótum reglulega. Einnig settu þau saman ættarsíðu á vefnum en þar má finna fjölmargar heimildir, sögur og myndir um Hans Jónatan, sögu hans og afkomendur.

<http://www.stolpavik.is/www/index.html>

Verkið var afhjúpað af forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, laugardaginn 10. júlí kl. 14:30 við Löngubúð á Djúpavogi.

Allra heilagra messa 31. október kl. 18

Kór Djúpavogskirkju syngur
Organisti Guðlaug Hestnes

Kristján Ingimars og
Helga Björk
spila og syngja saman

sr. Alfred Þjónar fyrir altari

Nýr bænastjaki verður
helgaður í messunni

Gestaprédikari
Ólafur Áki Ragnarsson

Fermingarbörnin taka þátt



HESTAMANNAFÉLAGIÐ GLAMPI

Helgina 10. október komu saman hestaáhugamenn og konur og funduðu um þá hugmynd sem hefur haft langan aðdraganda um að stofna hestamannafélag hérna á Djúpavogi.

Hugmyndin kom til vegna aukins áhuga hjá börnum á staðnum að sækja reiðnámskeið í þorpin allt í kringum okkur. Krakkarnir á Djúpavogi hafa verið iðin við að sækja námskeið á Breiðdalsvík, Hornafirði og Egilsstöðum. Tækifærin eru dásamleg fyrir þau að sækja reiðnámskeið á öðrum stöðum og alltaf vel tekið á móti þeim. Hinsvegar er langt að fara og þá sérstaklega á veturna.

Þau sem koma að stofnun hestamannfélagsins eru aðallega foreldrar sem vilja sjá börnin sín blómstra í nálægð við hestana og efla þeirra getu og þekkingu á hestaíþróttum. Það má því segja að stofnun félagsins gangi út á að veita börnum okkar sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra á stöðum í kring þegar kemur að þessari íþrótt.

Í vikunni eftir fundinn var sótt formlega um og stofnað hestamannfélagið Glampi. Nafnið Glampi er bein tenging við nafnið á íþróttafélaginu okkar Neista. Athugað var með nafnið Neisti á nýja félaginu en því miður er það upptekið af öðru hestamannfélagi. Glampi er því kjörið nafn á hestamannafélagið okkar sem við vonumst til að verði farsælt og börnunum okkar góð viðbót við það góða íþróttastarf sem er til staðar nú þegar.



Stóðhesturinn Smári frá Sauðanesi. Þrjú föld undan honum eru í eigu Halldórs og Kötú.



Dömur í útreiðatúr á Múlasvæðinu



Dömur í útreiðatúr á Múlasvæðinu

Þau verkefni sem stofnendur standa frammi fyrir núna eru margskonar. Það helsta er að stofna þarf félagið formlega og fá úthlutað svæði þar má hefja uppbyggingu hesthúss og öllu tilheyrandi. Þetta fer í forgang til að byrja með. Allt þetta á eftir að taka tíma en við munum halda ótrauð áfram.

Hestamannafélagið Glampi mun ekki einskorðast við krakkastarf heldur vonumst við til að fullorðna fólkið á staðnum eigi eftir að taka fullan þátt og koma með í reiðtúra.

Sandarnir okkar! Hvaða staður hentar betur til útreiða en að svífa áfram á hestbaki í mjúkum sandinum? Náttúruþerlan okkar sem gefur okkur svo mikið væri hægt að nýta í útreiðatúra þar sem náttúruþerlan blandast saman við áhugamálið sem fylgin er í hestunum.

Hesthúsið sem við vonumst til að byggja í nánustu framtíð mun að öllum líkindum byrja sem 10 - 12 stíla hesthús með möguleika á stækkun. Okkar sýn er einnig að við getum haft þar félagsheimili og reiðhöll sem nýtist í annað íþróttastarf sem og félagsstarf. Hjá þeim hestamannafélögum á landinu sem eiga veglega reiðhöll hefur samstarf á milli heimamanna og íþróttafélagsins verið mikið. Við höfum vitneskju um að reiðhallir séu í mörgum tilvikum notaðar fyrir innanhús fótboltaæfingar og þar með kemur frábært tækifæri til að nýta húsnæði sem yrði í eigu hestamannfélagsins Glampa enn meira og kæmi vel að notum í tengslum við fótboltann fyrir alla aldurshópa.

Þegar félagið hefur verið stofnað og tilbúið að taka við félagsmönnum vonumst við til að sem flestir skrái sig í félagið. Í fjöldanum getum við gert svo miklu meira þar sem hestamannafélög eru mikið til rekin af styrkjum sem hægt er að sækja um í þágu hestaíþróttar og ungmenntastarfs. Því fleiri sem við erum því kröftugri verðum við þegar kemur að styrkjum og uppbyggingu á hestasvæðinu okkar.

Stofnendur félagsins eru Óðinn Sævar og Guðbjörg Aðalheiður, Hera Líf og Baldur, Þórhildur Katrín og Halldór Fannar, Hildur Björk og Óskar, Guðjón og Berglind Elva.

Stofnendur félagsins hafa nú þegar kosið í stjórn og er hún eftirfarandi:

Formaður: Þórhildur Katrín

Meðstjórnendur: Halldór Fannar, Berglind Elva og Hildur Björk

Gjaldkeri: Hera Líf

Fyrir hönd stofnenda og stjórn hestafélagsins Glampa

Bella og Kata

KVEÐJA FRÁ SINGAPÚR



Góðan dag kærur Djúpavogsbúar! Nú eru tæpir tveir mánuðir liðnir af dvöl minni hér í Singapur og langar mig að segja ykkur aðeins frá því hvað ég er að gera hér og hvernig lífið gengur fyrir sig. Ég stunda mastersnám í því sem á ensku heitir International Political Economy, sem mætti eflaust best þýða sem Hagkerfi alþjóðastjórn mála á íslensku. Námið snýst mikið um að meta áhrif sem stjórn mála og stjórnkerfi hafa á viðskipti og efnahagsstefnu. Skólinn minn heitir Nanyang Technological University og er annar tveggja stærstu háskólanna hér í landi. Í skólanum eru um þrjátíu þúsund nemendur og átta þúsund starfsmenn. Í alþjóðadeildinni sem jafnan er skammstöfuð RSIS, þar sem ég stunda nám, eru um tvö hundruð nemendur frá 33 þjóðum. Ég er þó eini Íslendingurinn. Þegar að þetta er skrifað, 11. október, eru tvær vikur eftir af fyrstu önninni af þremur. Námið tekur um tíu mánuði og líkur í maí á næsta ári.

Ég leigi herbergi hjá indælli singapúrskri fjölskyldu, ekki langt frá skólanum. Hverfið sem ég bý í heitir Jurong og er alveg vestast í landinu. Það, líkt og önnur hverfi hér á eyjunni, er byggt mjög háum blokkum. Blokkinn sem ég bý í er sextán hæðir og þykir ekki sérstaklega há, en íbúðablokkir hér eru margar yfir þrjátíu hæðir. Mér og sambýlisfólki mínu reiknaðist til að í okkar blokk búi um fimm hundruð manns og fannst þeim nokkuð ótrúlegt að það væri svipað og í bænum mínum á Íslandi. Í um fimm mínútna göngufarlægð við blokkina er stór verslunarmiðstöð þar sem hægt er að sækja alla þá þjónustu sem þarf. Það besta við verslunarmiðstöðina eru allir veitingastaðirnir þar, sem eru allt frá KFC og McDonalds til veitingastaða sem bjóða upp á singapúrskan og annan Asískan mat.

Heimsfaraldurinn hefur litað dvöl mína hér töluvert. Þegar ég kom til landsins um miðjan ágúst þurfti ég að vera í tvær vikur í sóttkví á sóttkvíarhótel, þar sem ég mátti ekki yfirgefa herbergið. Frá því að ég lagði af stað frá Íslandi og þar til að ég slapp úr sóttkvínni þurfti ég að taka hvorki meira né minna en sex covid próf. Þegar að sóttkvínni var svo lokið mátti ég loksins mæta í skólann sem hafði farið fram í gegnum netið fram að því. Í lok september var það svo tilkynnt að námið yrði aftur fært alfarið yfir á netið til 22. október vegna fjölgandi smita í samfélaginu, en Singapur er núna að ganga í gegnum sína verstu bylgju í faraldrinum, þrátt fyrir að hér séu langflestir bólusettir. Takmarkanirnar eru því enn mjög strangar. Hér þarf fólk t.a.m. að vera með grímu öllum stundum, nema þegar að það er heima hjá sér og ekki mega fleiri en tveir, sem ekki eru af sama heimili, hittast. Það horfir þó til betri vegar en yfirvöldin hér tala um að það muni taka um þrjá mánuði að koma samfélaginu aftur í eðlilegt ástand.

Ekki er margt líkt með Íslandi og Singapur, að því frátöldu að bæði löndin eru eyjur og mjög friðsöm. Singapur er þó miklu minna en Ísland. Hér búa um fimm og hálf milljón manna á svæði sem er minna en gamli Djúpavogshreppur. Singapur er einnig ekki jafn afskekkt og Ísland. Eyjan er við enda Malakkaskaga, sem hýsir Malasíu og hluta Taílands, en það er aðeins lítið sund sem aðskilur Singapur frá Malasíu og sumstaðar er hægt að keyra yfir til Malasíu. Svo er það friðsældin og öryggið í Singapur. Það kom mér á óvart hversu öruggt það er hérna í þessari stórborg. Það er öruggt að vera á gangi utandyra á öllum tímum sólarhringsins, hurðum er yfirleitt ekki læst hér yfir daginn og ekkert læst anddyri er í blokkinni sem ég bý í. Svo tíðkast það hér að geyma skóna sína fyrir utan íbúðina og þeim er ekki stolið. Það er þó fleira sem er ólíkt með Íslandi og Singapur, en það sem er kannski ólíkast er veðrið. Hérna er veðrið eiginlega alltaf eins, á daginn er um þrjátíu stiga hiti og loftið mjög rakt. Hitinn á nóttunni fer yfirleitt ekki undir 25 stig.

Það er ekki frá mörgu öðru að segja í bili. Ég vona að lesendur hafi haft eitthvað gagn og gaman af lestrinum, en þangað til næst sendi ég bestu kveðjur heim á Djúpavog.

Ragnar Sigurður Kristjánsson

dagar myrkurs

27. – 31. okt.

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA/HORFA/LESA

Eva Björk Hlökkversdóttir

Ég hef ekki verið að lesa mikið eftir að ég átti Rakel Erlu. Annars tók ég smá Stelli Blomkvist maraþon og Ragnar Jónasson áður en ég átti og las þær bækur sem ég átti eftir að lesa eftir hana Yrsu. Ég er svolítið í krimmunum. Mæli með þeim öllum þremur. Ég horfi eiginlega bara á það sem er í sjónvarpinu þegar ég sest niður en ef ég sé fram á að geta horft lengur en 30 mínútur í einu þá er ég að fylgjast með "The Block" og "Greys Anatomy". Ég er ekki enn búin að koma mér í sérur á Netflix.



Guðlaugur Birgisson

Það hlaðvarp sem ég mæli með heitir Dan Carlin's Hardcore history.

Dan Carlin hefur frábæra rödd fyrir hlaðvarp. Þeir eru til dæmis með sérurnar Wrath of the Khans sem fjalla um Gengis Khan og félagan þar er fjallað af mikilli dýpt um veldi Mongólana. Sérurnar Blueprint for Armageddon og Ghosts of the Ostfront fjalla um fyrri og seinni heimstyrjaldirnar.

Hardcore History er mjög vandað hlaðvarp en gallinn er að það er langt á milli þátta.

Þorbjörg Sandholt

Á hvað ertu að hlusta?

Ég hlusta mest á þætti eða hlaðvörp þar sem fólk er að spjalla saman eða segja sína sögu. Uppáhalds hlaðvörpin mín eru hjá Hljóðkirkjunni og þar er Snæbjörn talar við fólk í uppáhaldi og Draugar fortíðar. En í lang mestu uppáhaldi eru Listamennirnir Valdimar og Örn, mér finnst þeir alveg óborganlega fyndnir. Mér finnst líka gott að hlusta á Víkulokin, ljósi sögunnar, Segðu mér og svo hlusta ég á flesta fréttatíma og alltaf á kvöldfréttir. Ég hlusta í raun mjög mikið á útvarp.



Á hvað ertu að horfa?

Ég horfi mjög lítið á sjónvarp og nánast aldrei á línulega dagskrá nema þegar það eru stórmót í íþróttum, Eurovision eða einhver stemming. Ég fylgist þó með og vel mér oft eitthvað áhugavert að horfa á. Nýlega horfði ég t.d. á Fjölskyldubönd (MotherFatherSon) á RÚV og mæli með þeim þáttum. Nú bíð ég spennt eftir að geta hámað snilldargáfu Picasso í mig.



Hvað ertu að lesa?

Oft er ég að lesa eitthvað sem tengist vinnunni minni. Nú er ég að lesa bókina Leiðsagnarnám eftir Nönnu Kristínu Christiansen. Svo er ég með tvær bækur á náttborðinu, Saga Þernunnar eftir Margaret Atwood en ég er búin að sjá sjónvarpsþættina og mig langar að lesa bókina til samanburðar. Samhliða sögu þernunnar er ég aðeins byrjuð að lesa bókina Minn hlátur er sorg, ævisaga Ástu Sigurðardóttur. Mjög áhugaverð saga og ég mæli með þáttunum um ævi Ástu sem hafa verið aðgengilegir á hlaðvarpi RÚV og ég stefni á að sjá uppfærslu Þjóðleikhússins á leikverki bygðu á sömu sögu.

**Rithöfundalestin
verður á sínum
stað á Djúpavogi
13. nóvember í Löngubúð!**



GENGIÐ Í SVEFNI



Leiðin milli Teigarhorns og Borgargarðs



Litauð ljósmynd frá því upp úr 1960. Andlitsmyndin er af Kristjáni Jónssyni bónda. Ljósmyndari ókunnur

Aðfaranótt 5. september árið 1951, fyrir um 70 árum, gerðist atburður sem lengi var í minnum hafður á Djúpavogi og þótti hann undarlegur, ef ekki yfirnáttúrulegur. Þannig hagaði til að á Teigarhorni, sem er um fjóra kílómetra frá Djúpavogi, bjó 24 ára gamall maður, Kristján Jónsson. Í gamla bænum í Borgargarði bjó Sigurgeir Stefánsson (langafi Didda) ásamt börnum sínum tvíburunum Mansa og Hrönn en Kristján hafði verið hrifinn af Hrönn um nokkurt skeið. Sigurgeir var ekki alls kostar ánægður með það, enda var töluverður aldursmunur á Hrönn og Kristjáni þar sem Hrönn var 14 ára á þessum tíma. Sigurgeir gerði sér ófáar ferðir í heimsókn til Kristjáns í þeirri von að fá hann til að hætta að eltast við Hrönn.

Kristján var á Djúpavogi fram á kvöld þann 4. september en hjólaði svo heim til sín inn á Teigarhorn og lagðist til svefns um ellefu leytið eins og fjölskyldan öll. Hið sama gerði fólkið í Borgargarði. Það var svo um klukkan tvö aðfaranótt 5. september að Sigurgeir í Borgargarði hrökk upp af værum svefni við brothljóð, gler að hrynja í gólfíð og á eftir fylgdi dynkur. Sigurgeir rauk fram á náttfötunum, kveikti ljós og fór niður í eldhús til þess að gæta að því hvað hafði gerst. Þegar Sigurgeir opnaði eldhúshurðina brá honum heldur í brún. Á gólfinu lá maður endilangur á grúfu, hann var í náttklæðum einum fata, stuttbuxum og bol, ber upp á mið lær og með bera handleggi. Ein rúða var brotin í glugganum en ekki hafði verið hreyft við blómapotti sem stóð í glugganum og á borði innan við gluggann voru ýmsir hlutir t.d. lampi diskar og fleira sem ekki hafði heldur verið hreyft við.

Sigurgeir sá ekki í fyrstu hver þetta var en datt helst í hug að einhver hefði gert þetta í ölæði og lægi nú áfengisdauður á eldhúsgólfinu. Ekki gat Sigurgeir samt ímyndað sér hvernig maðurinn hefði komist inn um gluggann án þess að rekast í neinn þeirra hluta sem stóðu í eða við gluggann. Nú óttaðist Sigurgeir að maðurinn hefði stórslasast þegar hann braut rúðuna og því velti hann honum á bakið og þá sá hann að þetta var Kristján á Teigarhorni. Sá maður smakkaði aldrei áfengi og því gat hann ekki verið þarna af völdum áfengis. Engu að síður var hann steinsofandi. Sigurgeir var feginn að sjá að hann var ómeiddur og hafði ekki skorið sig á glerinu þrátt fyrir að hafa brotið rúðuna og dottið á gólfíð. Sigurgeir ýtti aftur við honum en ekki vaknaði Kristján. Nú veitti Sigurgeir því eftirtekt að Kristján var ekki aðeins óskorinn, heldur var hann líka nánast alveg hreinn þrátt fyrir að kalsaveður væri úti, rigning og rok. Sigurgeir velti því fyrir sér í smá stund hvað hann ætti að gera, hann þorði ekki að reyna frekar að vekja Kristján og ákvað því að fara og hitta Þorstein Sigurðsson lækni í leit ráðlegginga. Hann fór upp og vakti Hrönn og Mansa og lét þau vita hvað hann ætlaði sér. Svo náði hann í teppi og breiddi yfir Kristján, slökkti ljósin í eldhúsinu, klæddi sig og fór á fund læknisins.

Þar fékk Sigurgeir þær ráðleggingar að óhætt væri að vekja Kristján varlega. Með það sneri Sigurgeir aftur heim og þegar hann kom inn og kveikti ljós í eldhúsinu rumskaði Kristján loksins og hafði hann þá sofíð í hálfa aðra klukkustund á gólfinu. Gekk honum fyrst í stað báglega að átta sig á því hvar hann var niðurkominn sem vonlegt var og mundi hann ekkert eftir því að hafa gengið í svefni enda vissi hann ekki af sér annarsstaðar en í rúmi sínu heima. Var honum ekið heim til sín í bíl um nóttina þar sem fólk varð ekki síður undrandi á næturævintýri hans enda hafði enginn orðið þess var að hann ætti til að ganga í svefni. Ekki varð honum meint af þessu undarlega ferðalagi.

Kristján Ingimarsson tók saman



SJÁVARYLUR

Hacking Austurland fór fram 30. september – 2. október síðastliðinn. Hacking Austurland er „hackathon“ sem útleiggst best á íslensku sem lausnamót. Það þýðir í raun að fólk kemur saman, í raunheimum eða netheimum, kynnist og fer á hugarflug í leit að nýjum hugmyndum við ýmsum áskorunum. Markmiðið er að draga fram frumkvöðla á svæðinu til nýsköpunar og skapa tengingar við landið í heild sinni. Lausnamótið var sett upp sem keppni þar sem þemað var bláa auðlindin (hafði) en 400.000kr peningaverðlaun voru í boði fyrir bestu lausnina.



Engin önnur en Djúpvogsmærin Íris Birgisdóttir tók sig til og vann fyrstu verðlaun með hugmynd sinni Sjávarylur. Bóndavarðan bað Írisi sjálfa að segja lesendum frá þessari upplifun og útskýra hugmyndina um Sjávarylur betur. Íris tekur nú við:

Í kynningunni á hugmyndinni bað ég áheyrendur um að ímynda sér að úti væri janúar, kóf svo ekki sæist út úr augum og slabb á götunum en svo stigju þau inn í hlýjuna. Þar væri mildur blómailmur í bland við kitlandi matarlykt, lágstemmd tónlist og rólegt andrúmsloft. Kærkomið frí frá veðurofsanum úti - eins og að skreppa til sólarlanda í örfáar klukkustundir. Þar væri þeim boðið til borðs.

Í framhaldi af því kynnti ég fyrir þeim hugmyndina og hvernig hún samræmdist markmiðum lausnamótsins.

Hugmyndin hverfist í kring um það að nýta glatorku frá kassaverksmiðjunni sem nú er að rísa í Innri Gleðivík. Ég hafði fengið veður af því að þar kæmi til með að myndast gífurlegt magn af heitum sjó sem færi ónýttur frá verksmiðjunni.

Þegar maður hefur eitthvað í höndunum eins og varma er auðvelt að láta sig dreyma og í anda áherslanna sem lagðar voru fyrir á lausnamótinu varð Sjávarylur til.

Þar tvinnast saman sjávariðnaður, landbúnaður og ferðaþjónusta undir sama þaki og úr verður ylrækt, þar sem ræktað yrði grænmeti og ávextir fyrir innlendan markað og auk þess settar saman tilbúna öskjur með öllu sem þarf til að elda dýrindis máltíð með fiski beint úr firðinum og grænmeti úr ylræktinni.

Næringarríkur úrgangur sem fellur til frá sjávarútvegi yrði notaður til þess að styðja við og auka ræktunina.

Gróðurhúsin hýsa þó ekki aðeins ylræktina því samhliða henni yrði veitingastaður, þar sem bornar eru fram kræsingar úr héraði og síðast en ekki síst baðstaður - með bæði úti og innilaugum og pottum. Ég sá fyrir mér að hentugur staður gæti verið við Þríhyrningsfjöru - steinsnar frá kassaverksmiðjunni og heita sjónum sem hún skaffar en þó í vari bak við kletta og hæðir, með útsýni yfir Æðarsteinsvita og út Berufjörðinn.

Að svo búnu bað ég fólk um að hverfa í huganum aftur á veitingastaðinn. Ég sagði þeim að nú hefðu þau lokið við fullkomna máltíð þar sem allt það besta úr nærumhverfinu hefði verið borið á borð. Þjónninn kæmi svífandi með dýrindis kokteil og í sömu mund tækju þau eftir því að veðrinu hefði slotað. Það væri komið logn og fyrir ofan þau blasti við stjörnuþjartur himinn og norðurljós. Fullkominn tími til að skella sér í pottinn.

Það var ótrúlega frambærilegur hópur fólks sem tók þátt og mjög útpældar og fjölbreyttar hugmyndir voru lagðar fyrir dómnefnd. Það kom mér því mjög á óvart að hugmyndin skyldi hreppa verðlaunin.

Næsta skref hvað varðar Sjávarylur er að kanna fýsileika hugmyndarinnar - hversu áreiðanlegt vatnsmagnið er, hvaða landsvæði gæti staðið til boða o.s.frv.

En vonandi verður hugmyndin í heild eða að hluta til að veruleika. Ég trúi því að það geti orðið íbúum svæðisins að svo mörgu leyti til góða en að sama skapi tækifæri til þess að nýta betur glatorku náttúrunni til heilla.

Íris Birgisdóttir

Bóndavarðan óskar Írisi innilega til hamingju með sigurinn og vonar að Sjávarylur verði að veruleika sem fyrst fyrir okkur öll að njóta!

dagar myrkurs DJÚPAVOGI

27. – 31. okt.

Allra heilagra messa
í Djúpavogskirkju

Finndu
Töfratréið í
Hálsaskógi

Búningadagur í öllu þorpinu
föstudaginn 29. október

Grikk eða gott
föstudaginn
29. október.
Settu ljós/kerti fyrir utan
ef þú vilt taka á móti
nammisvöngum
furðuverum.

Róleg stund
í Löngubúð

Alla viðburði Daga myrkurs má finna á
facebook síðunni Dagar myrkurs

Krakkabíó
á Teigarhorni

Ljósmyndasámkeppni, þar sem þemað er
"**myrkrið**" í sinni fjölbreyttustu mynd.
Taktu þátt og sendu þína mynd á
dagarmyrkurs@austurbru.is
fyrir 2.nóvember.

Hrollvekjandi
tilboð í Við Voginn

Tökum myndir, setjum á
samfélagsmiðla og
merkjum: #austurland
#dagarmyrkurs

Hryllingsbíó á
Teigarhorni

Sviðaveisla á
Bragðavöllum

Skreytum glugga.
Taka þarf mynd af
glugganum og senda á
dagarmyrkurs@austurbru.is
fyrir 2.nóv.
Verðlaun í boði.

Hryllilega smár smáréttaseðill
verður í boði á Hótel Framtíð
á Dögum myrkurs

Krakkabíó
í Löngubúð


Hugleiðsla
í
Hálsaskógi

Innsetningarverk í
Trönunum við
Rakkaberg

FRÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGI DJÚPAVOGS

Lífð í Hálsaskógi og starfsemi félagsins 2021

Starfsemi félagsins hófst strax í mars þegar félagar hófu vinnuferðir inn í Hálsaskóg og unnu að grisjun og snyrtingu trjáa. Þegar komið var fram í apríl hófust svo fastar vinnuferðir á þriðjudögum milli kl. 17 og 19 en flesta þriðjudag frá vori til hausts fara skógræktarfélagar í Hálsaskóg, spá og spekúlera og vinna eitthvað af þeim ótal verkefnum sem liggja fyrir. Það er engin skyldumæting á vinnudaga og vinnuframlag er bara eftir getu og áhuga hvers og eins. En það er alltaf gott að hittast, fá mismundandi sjónarmið, fá að vita hvað má betur fara, hvað er vel gert og hvað væri spennandi að gera í framtíðinni. Fyrir utan fasta vinnudag mætti svo alltaf einhver að taka á móti sjálfboðaliðum Veraldarvina þegar þeir komu, leggja þeim til tæki og töl og leiðbeina þeim með verkefni.



Við vorum svo heppin að fá liðsinni Veraldarvina sem byrjuð að mæta síðla vetrar og hjálpa til við að grisja og hreinsa fallin tré úr skóginum, laga stíga og leggja nýja. Vinnuhóparnir mættu stundum tvisvar í viku í sumar enda lék veðrið við þau og vinnustaðurinn Hálsaskógur var í miklu uppáhaldi hjá þeim. Enn eru hópar að koma tvo til þrjá daga í mánuði og fram undan er mikil vinna við að keyra kurl í stígana og hver veit nema við getum með stuðningi Veraldarvina byrjað á gönguleiðinni frá Aski út með Búrfellinu en þar þarf að hreinsa trjágróður af gamla þjóðveginum.

Í sumar vorum við í vandræðum með vatn og salernin lokuð í nærri þrjá mánuði vegna vatnsskorts. Þetta eru einu almenningssalerning á stóru svæði sem rekin eru af frjálsum félagasamtökum og sinnt í sjálfboðavinnu og leituðum við eftir styrk til Múlaþings til að koma vatnsmálunum í lag enda er það litlu félagi fjárhagslega ofviða að finna viðunandi lausn á vatnsmálinu. Við fengum jákvæðar undirtektir um aðstoð og skipulagningu á breyttu fyrirkomulagi vatnsmála og vonandi verður byrjað að vinna í því fyrir næsta sumar.

Í sumar var plantað 3000 birkiplöntum inn með Hálsarótum og sáu unglingarnir í sumurvinnunni hjá Múlaþingi um gróðursetningu þeirra. Skógræktarfélagar vinna svo að tilraun að setja niður sitkagreni í útjaðra stærsta lúpínusvæðisins til að sjá hvort hefur betur grenið eða lúpínan. Björgunarsveitir styrktu svo skógrækt á svæðinu með þeim rótaskotum sem þær seldu um áramótin og voru þau tré sett niður í Löngulá.

Skógræktarfélagar voru með borð á Cittaslow sunnudaginn og buðu gestum að ganga í Skógræktarfélagið. Margir höfðu áhuga á að styðja við skógræktarstarfið með því að gerast félagar og ýmsir höfðu orð á að þá hefði lengi langað til að leggja eitthvað af mörkum til að viðhalda og bæta útivistarparadísina Hálsakóg. Ef einhverjir misstu af Cittaslow deginum er bara að leggja árgjaldið inn á 0169 - 05 - 1952, kt. 491193-2049 og þið eruð komin á félagaskrá. Árgjaldið er 1000 kr. fyrir 2021 en fer í 1.500 kr. á næsta ári. Öll frjáls framlög eru líka vel þegin. Það styrkir okkur bæði í starfi og við styrkumsóknir, fyrir hinum ýmsu framkvæmdum í skóginum, að hafa langa félagaskrá.

Eins og yngstu menn muna óx töfratré í skóginum á Dögum myrkurs í fyrra. Heyrst hefur að töfrar trésins liggi ekki bara í ljósadýrð þess heldur líka í því að það færir sig um stað milli ára og sé hafin ferð þess á nýjan áfangstað. Það verður spennandi að fara með vasaljósið um skóginn í lok október og leita uppi sjálflýsandi tré. Það er ekki ólíklegt að inn á milli trjáanna leynist fleiri töfrar og þar sem uglað okkar ungaði út eggjum í sumar gætu menn heyrt vængjabyt milli trjáanna ef vel er hlustað.

Stjórn Skógræktarfélags Djúfavogs

ÍBÚASAMTÖK DJÚPAVOGS OG NÆRSVEITA

Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita voru stofnuð þann 22. september síðastliðinn á vel sóttum fundi í Löngubúð. Allir íbúar með lögheimili innan gamla Djúpavogshrepps teljast réttmætir félagar samtakanna.

Markmið þeirra eru:

- Að vera samstarfsvettvangur íbúa og félagasamtaka.
- Að vinna að framfara- og hagsmunamálum íbúa, félaga- og hagsmunasamtaka á því svæði sem áður heyrði undir Djúpavogshrepp.
- Að standa vörð um sérkenni svæðisins.
- Að hlúa að þeirri þjónustu sem í boði er og fylgja eftir að frekari þjónusta verði byggð upp s.s. á sviði íþróttar-, æskulýðs- og öldrunarmála.
- Að byggja upp samstarf við sveitarstjórn, heimastjórn og stofnanir sem hafa með málefni samfélagsins að gera.

Á stofnfundi samtakanna voru eftirtaldir aðilar kjörnir í stjórn:

Ester Sigurðardóttir (formaður)

Ólöf Vilbergsdóttir (ritari)

Íris Birgisdóttir (meðstjórnandi)

Sigurður Ágúst Jónsson (meðstjórnandi)

Skúli H. Benediktsson (meðstjórnandi)

Samtökin munu standa reglulega fyrir opnum íbúafundum þar sem tekin verða fyrir málefni sem brenna á íbúum. Erindi má senda á tölvupóst ibuas.djupavogshrepps@gmail.com, á hópinn Þrætusker - umræðuvettvang samtakanna á facebook, setja í athugasemdakassa samtakanna í Kjörbúðinni á Djúpavogi eða koma til aðila í stjórn.

Vakin skal athygli á því að erindi skulu vera málefnaleg og ókurteisi er ekki liðin.

Til að erindi eigi möguleika á að vera tekin fyrir á næsta fundi þurfa þau að berast eigi síðar en 2 sólarhringum fyrir fund. Ef mörg erindi berast er sett upp forgangs röðunarkosning á Þrætuskerinu. Fylgist með auglýsingum á eftirtöldum stöðum: á Þrætuskeri, www.Mulathing.is og í Kjörbúðinni. Fyrsti fundur er fyrirhugaður í byrjun nóvember.

Saman fyrir samfélagið okkar.

Stjórn



HAFRÚN ALEXÍA ÆGISDÓTTIR HLÝTUR STYRK

Afreks- og hvatningarsjóður stúdenta Háskóla Íslands styrkir afburðanemendur til grunnnáms við skólann ár hvert. Styrkir eru veittir til framhaldsskólanema sem ná afburðaaðrangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands. Þetta var í 14. sinn sem styrkjum er úthlutað úr sjóðnum og var Djúpvogsbúinn Hafrún Alexía einn þeirra nýnema sem fékk styrkveitingu.

Styrkveitingin

Það kom Hafrúnu á óvart að hún fékk styrkinn og var hún ekki endilega að búast við því. Frænka Hafrúnar benti henni á umsóknina og Hafrún ákvað að prófa að sækja um. Styrkurinn er veittur til nemenda með góðan námsárangur ásamt því að vera t.d. í íþróttum, tónlist eða félagslífi. Hafrún var ekki í neinum íþróttum eða tónlist á sinni menntaskólagöngu og þótti því líklegra að aðrir nemendur myndu fá styrkinn. Auk þess var lögð sérstök áhersla á þá nemendur sem voru að sækja um nám í menntavísindum og á þá nemendur sem hafa íslensku sem annað mál, sem á ekki heldur við Hafrúnu. Hafrún útskrifaðist hinsvegar með framúrskarandi meðaleinkunn upp á 9,42 og tók virkan þátt í félagslífinu og telur hún það vera megin ástæðuna fyrir því að styrkurinn rataði til hennar.

Menntaskólagangan

Menntaskólaganga Hafrúnar gekk í heildina litið mjög vel. Hún fékk viðurkenningu fyrir góðan námsárangur við stúdentspróf, viðurkenningu fyrir félagsstörf og einnig fyrir skólasókn. Hafrún hrósar þessum sjóði sérstaklega fyrir að styrkja afburða nemendur í námi sem að taka einnig þátt í öðrum félagsstörfum eins og íþróttum eða félagslífi. „Það er svo mikilvægt að gleyma sér ekki alveg bara í náminu og eyða tímanum líka með vinum, sem eru það mikilvægasta.“ Hafrún byrjaði á félagsgreinabraut fyrstu önnina. Hún vildi samt alltaf fara á náttúrufræðibraut en hélt að það væri of erfitt fyrir sig. Síðar ákvað hún að skipta um braut og sá alls ekki eftir því! Fyrstu önnina var margt nýtt lært og tók smá tíma að koma sér fyrir í nýju umhverfi. Fyrsta árið var Hafrúnu mikil breyting frá grunnskóla og tók hún ekki mikinn þátt í félagslífinu þar sem hún var dálítið smeyk við eldri krakkana. Á öðru ári varð hún strax öruggari þar sem þau voru ekki lengur yngst og lærdómurinn á hvernig flest allt virkaði kominn í höfn. Hafrún eignaðist nýja vini, fór í erfiðari áfanga, tók virkan þátt í félagslífinu og eftir áramót var hún skemmtistýra nemendafélagsins. Sökum Covid fór það ekki eins og hún sá það fyrir sér. Hún segir það þó hafa verið mjög gaman að sitja í nemendafélaginu í þennan stutta tíma áður en allir nemendur fóru heim í samkomubann. „Það er það leiðinlegasta og erfiðasta sem að gerðist á minni skólagöngu í ME“ heldur Hafrún fram. Við tók þriðja árið og voru þau heppin að fá að vera mest megnis í dagskóla. „Það var lítið sem breyttist á þriðja árinu en þá var ég formaður nemendafélagsins og eignaðist enn fleiri vini. Það var mjög skemmtilegt og hefði örugglega verið enn skemmtilegra ef það hefðu ekki verið takmarkanir, gátum ekki að haldið stærri viðburði, böll og árshátíð.“ Þau gerðu samt margt annað, t.d. komu við saman og horfðu á myndbandapakka sem er settur saman á árshátíðinni og útskriftarhópurinn fékk að dimmitera.

Hafrún getur ekki sagt leiðin að hennar frábæra námsárangri hafi verið auðveld. Þetta var krefjandi og hún þurfti að vinna fyrir þessu „auðvitað fannst mér sumir áfangar auðveldir, aðrir erfiðir og sumir skemmtilegir, aðrir leiðinlegir. Þessi þrjú ár eru ógleymanleg þrátt fyrir að covid eyðilagði smá, en ég væri 100% til í að endurtaka þessi þrjú skemmtilegu ár.“

Tungumál

Hafrún talar tvö tungumál frá fæðingu, íslensku og spænsku. Hafrún kallar íslenskuna sitt móðurmál þar sem hún er meira ríkjandi hjá henni. Þegar hún sótti um styrkinn þá setti hún íslensku sem móðurmál þar sem hún er betri í íslensku en spænsku á öllum sviðum.

Hafrún er ekkert viss um að góð færni hennar á tveimur tungumálum hafi hjálpað henni mikið í gegnum menntaskólaárin. „Ég var á náttúrufræðibraut og var því að taka mikið af raungreinum eins og stærðfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og eðlisfræði. En aftur á móti eru auðvitað áfangar í íslensku, ensku og dönsku sem þarf að taka, ásamt því að velja þriðja tungumál.“ Í ME er hægt að velja á milli þýsku og spænsku, Hafrún valdi spænsku og það var þægilegt að geta tekið þá áfanga með erfiðari áföngum.

Háskólanám

Hafrún er nú skráð í geislafræði í Háskóla Íslands. Það gengur vel að læra en hún held þó að þetta nám sé ekki fyrir sig. „Mér finnst þetta nám ekki opna nógu margar og fjölbreyttar dyr fyrir mig. Því stefni ég á að skipta um nám og sækja nýtt nám vonandi eftir áramót.“




Framtíðarsýn

Nú til dags eru námsleiðir mjög fjölbreyttar námsval og margt um að velja og ótalmargt sem Hafrúnu langar að gera. Hafrún er ekki alveg með það á hreinu hvað það er nákvæmlega sem hún vill læra eða gera í framtíðinni. Eftir að hún byrjaði í geislafræðinni veit hún þó að nám sem opnar fleiri dyr er fyrir hana. Því er svolítið óljóst hvert hún stefnir í augnablikinu en hana langar að prófa að búa í útlöndum, hvort sem það væri til að vinna eða læra. „Nú er bara að taka einn dag í einu og sjá hvaða leið kallar á mig“ segir Hafrún að lokum.

Ráð til annarra nemenda

Ráð Hafrúnar eru að hugsa aldrei að þú getir ekki gert eitthvað áður en að þú ert búinn að prófa. Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi. „Svo er mjög gott að skipuleggja sig vel, ekki fresta hlutunum og NJÓTA!“

HRÓSIÐ

**Birkir Helgason**

Hótel Framtíð fær mitt hrós. Framúrskarandi þjónusta!

**Hafðís Reynisdóttir**

Mig langar að hrósa Löngubúð fyrir góða þjónustu og flottar kaffiveitingar. Súpunar hennar Bergþóru eru þær allra bestu. Alltaf notalegt og gott að koma þangað.

**Gunnlaug Fía Aradóttir**

Ég myndi vilja hrósa Ásdísi Heiðdal fyrir hvað hún hefur staðið sig vel í Kjörbúðinni, liðleg og bóngóð.

dagar myrkurs
Í LÖNGUBÚÐ

29.OKT FÉLAGSVIST KL. 20
30.OKT KRAKKABÍÓ KL. 15:00
31.OKT RÓLEG STUND FRÁ KL. 20:30

KASSAVERKSMIÐJA RÍS

Eins og flestum Djúpavogsbúum er kunnugt rís nú stærðarinnar kassaverksmiðja í Gleðiholunni svokölluðu. Bóndavarðan þefaði uppi glænýjan verksmiðjustjóra Jón Þór Jónsson og spurði hann spjörum úr.

Aðdragandi byggingarinnar

Með aukinni framleiðslu á laxi hafa flutningar á umbúðum aukist mikið. Bæði kostnaður og umfang hefur aukist mikið og síðast en ekki síst hefur kolefnisfótsporið stækkað til muna. Því var ákveðið í samvinnu við aðila sem hafa mikla reynslu í framleiðslu á þessum umbúðum að ráðast í þessa miklu framkvæmd.

Bygging og kostnaður

Það er Borgarafl sem er með stálgrindarhúsið, svo eru verktakar af svæðinu sem sjá um aðra verkhluta eins og jarðvinnu sem S.G. Vélar sjá um, uppsteypu sem Samsteypufélagið sér um, lagnavinnu o.fl. Kostnaðurinn við framkvæmdina þ.e.a.s. við húsbygginguna og verksmiðjuna er áætlaður u.þ.b. 1.6 milljarður.

Þeir aðilar sem standa á bak við kassaverksmiðjuna er fyrirtækið Bewi Iceland. Það er í eigu Bewi Synbra sem er norskt plastfyrirtæki, Måsöval, sem er einn af eigendum Laxa Fiskeldis, og svo Ósnes á Djúpavogi.

Áætluð verklok

Áætlanir miða að því að framleiða fyrsta kassann í mars næstkomandi. Síðan verður lokafrágangur á húsi og lóð einhvern tímann næsta sumar ef allt gengur upp.



Jón Þór verksmiðjustjóri



Daglegur rekstur þegar að því kemur

Verksmiðjan mun koma til með að framleiða meira og minna eftir áætlun frá Búlandstindi, þ.e.a.s. í takt við það magn af laxi sem fer í gegn hjá þeim.

Kappkostað verður við að framleiðslan verði með sem vistvænustum hætti. Það verður engin olía brennd við þessa framleiðslu, öll gufa verður framleidd með rafmagni, allt kælivatn verður endurnýtt og kælt með sjó. Allt affallsvatn frá niðurföllum verður síað og sett í gegn um olíuskilju. Einnig er verið að skoða þann möguleika að nota rafknúið dráttartæki til að flytja kassana yfir í Búlandstind. Svo er möguleiki að nýta varmann sem kemur frá framleiðslunni til einhverra góðra nota.

Stöðugildi og mönnun

Reiknað er með að það komi til með að vera u.þ.b. fjögur stöðugildi til að byrja með sem aukast sennilega um tvö til viðbótar þegar farið verður að keyra tvær vaktir. Ekki er enn byrjað að ráða starfsfólk en það styttest óðum í það. Búist er við að tveir til þrír gætu hafið störf fljótlega eftir áramótin, þá við að aðstoða í uppsetningunni og til að kynna þessu frá byrjun.

Frauðplastkassar á “mannamáli”

Þessi verksmiðja mun framleiða frauðplastkassa úr efni sem heitir á ensku Expandable polystyrene og verður til við olíuframleiðslu. Hráefnið eru litlar perlur, u.þ.b. 1-1,2 mm í þvermál. Inni í hverri perlu er örlítið af pentane gasi, u.þ.b. 4-5% af þyngd perlunnar.

Framleiðslan fer þannig fram að hráefninu er hellt í ákveðnum skammti inn í hylki sem hefur ákveðið rúmmál. Með því að auka eða minnka þennan skammt má stjórna rúmþyngdinni. Svo er gufu hleypt á að neðan í gegn um litlar rifur í botninum. Við hitann byrjar gasið í perlunni að þenjast út og þá stækkar perlan og yfirborðið hækkar inni í hylkinu þar til að það nær upp í skynjara í toppi hylkisins. Þá opnast lúga að neðan og hleypir öllu út og niður í klefa með loftblæstri til að þurrka efnið. Þaðan er því blásið upp í síló þar sem það þarf að standa, helst í sólarhring meðan perlan er að jafna sig eftir þensluna.

Því næst er efnið sogað inn á mótin í framleiðsluvélunum og gufu hleypt á í 15-20 sekúndur. Þá er mótið kælt með vatni sem er hringrásað og kælt aftur niður með sjó. Síðan er undirþrýstingur settur á mótið (vacuum) í 15-25 sekúndur, þá er mótið opnað og kassarnir tilbúnir.

Hið ótrúlega einangrunargildi frauðplastsins næst með þessari þenslu á efninu. Eftir þenslu sem getur verið 40-50 föld er efnið í rauninni 98% loft! Auk þess er frauðplastið 100% endurvinnanlegt.

Að lang mestu leiti framleiðir verksmiðjan laxakassa fyrir Búlandstind en hún mun einnig koma til með að framleiða smærri kassa undir hvítiskflök. Stefnt er á að þjónusta ferskfiskútflytjendur á öllu austurlandi og eflaust víðar.

Maðurinn á bakvið verksmiðjustjórnann

Jón Þór Jónsson er fæddur og uppalinn vestur á fjörðum, nánar til tekið í Ísafjarðardjúpi þar sem foreldrar hans ráku gróðrarstöð og framleiddu tómata, gúrur, paprikur, rófur og sumarblóm.

Jón Þór er giftur, þriggja barna faðir og býr í Hafnarfirði. Hann er að leita að húsnæði á Djúpavogi en tíminn verður svolítið að leiða í ljós hvort fjölskyldan komi til með að flytja hingað alfarið. Jón Þór segist allavega opinn fyrir því. Jón Þór er búinn að starfa við plastframleiðslu í tæp 30 ár og kann því eitt og annað í þessari framleiðslu.

Myndir frá framkvæmdum eru frá Óskari Ragnarssyni



Myndir frá framkvæmdum eru frá Óskari Ragnarssyni



HUGLEIÐINGAR SKÓLASTJÓRA DJÚPAVOGSSKÓLA EFTIR SAMEININGU

Þann 4. október s.l. var ár frá því að Múlaþing varð formlega til sem sveitarfélag og í þessum pistli langar mig að fara aðeins yfir hvernig sameiningin birtist í mínu starfi í Djúpavogsskóla.

Fyrst langar mig að það komi fram að ég sat í nefnd sem kom að sameiningar undirbúningi og ég hafði því ákveðnar væntingar um það hvernig sameiningin myndi birtast í skólanum. Í undirbúningsnefndinni kom ég reyndar ekki að fræðslumálum með beinum hætti heldur voru menningarmálin á minni könnu. Þar hafði ég líka ákveðnar væntingar og ég hef aðeins velt því fyrir mér hvernig menningarleg staða sé í gamla Djúpsvogshreppi eftir sameiningu. Það er kannski erfitt að leggja mat á það út af Covid og samkomutakmörkunum. Ég ætla samt ekki að neita því að ég hef smá áhyggjur af því...en það efni í annan pistil.

Aftur að skólamálanum. Þegar ég tek við sem skólastjóri í Djúpavogsskóla þann 1. ágúst 2020 var sveitarstjóri Djúpavogshrepps minn yfirmaður og fræðslu- og jafnréttisnefnd var sú nefnd sem fór með málefni skólans, þannig var þetta í ágúst og september 2020. Í október þegar formleg sameining átti sér stað varð ég fyrsti skólastjóri Djúpavogsskóla sem heyrir undir fræðslustjóra og þá tók glænýtt fjölskylduráð við af fræðslunefnd. Ólíkt sveitarstjóra hefur fræðslustjóri einungis fræðslumál á sínu borði og þarf því ekki að vera öllum hnútum kunnugur s.s. lausagöngu katta, fráveitu eða fjallskilum.

Þetta finnst mér mjög mikilvæg breyting því að þrátt fyrir að ég hafi upplifað góðan stuðning frá sveitarstjóra og fræðslunefnd í Djúpavogshreppi þá hef ég núna aðgengi að sérfræðingi í fræðslumálum sem er líka yfirmaður annarra skóla í Múlaþingi. Þarna finnst mér mikinn mun og mér hefur þótt ómetanlegt að geta fengið faglegar leiðbeiningar og stuðning. Fræðslustjóri heldur reglulega fundi með skólastjórnendum í Múlaþingi þar sem hægt er að sækja stuðning, skipuleggja samstarf og fá leiðbeiningar með ýmis konar mál. Þetta býr til alveg nýtt landslag fyrir Djúpavogsskóla. Kennarar og annað starfsfólk skólanna geta einnig rætt sín á milli og hver og einn skóli þarf ekki að finna upp hjólið. Þetta er líka mjög jákvætt fyrir nemendur og þarna myndast gott tækifæri til að búa nemendum tækifæri til að kynnast öðrum nemendum í stóru sveitarfélagi.

Sömu sögu má segja um launadeildina, bókhaldið, fjármálastjóra, og alla aðra sem ég þarf að leita til vegna daglegs reksturs skólans. Það hafa allir verið tilbúnir til að rétta fram hjálparhönd og leiðbeina nýjum og stundum örlítið áttaviltum skólastjóra.

Annað sem ég er sérstaklega ánægð með er að hafa verkefnastjóra mannauðsmála í okkar sveitarfélagi. Múlaþing hefur sína eigin mannauðsstefnu sem að mínu mati samræmir vinnureglur og eflir stofnanir sveitarfélagsins. Smá saman verða öll eyðublöð og allt verklag með sama hætti og allar stofnanir í Múlaþingi hafa stuðning við starfsmannastjórnun, þarna hefur verið unnið mjög gott starf. Þrátt fyrir að verklag og regluverk sé sameinað þá halda skólarnir áfram sínum sérkennum, sem er mjög mikilvægt.

Fyrir sameiningu tilheyrði Djúpavogsskóli félagsþjónustu á Fljótdalshéraði þannig að við sameiningu breyttist ekki margt. Djúpavogsskóli hefur alltaf átt í mjög góðu samstarfi við félagsþjónustuna og Austurlandsteymið. Þar hefur skólinn aðgang að sérfræðingum og það góða samstarf heldur áfram. Það urðu hins vegar breytningar á störfum skólaskrifstofu, nú kemur kennslaráðgjafi og talmeinafræðingur frá Múlaþingi en sálfræðingur kemur frá Skólaskrifstofu Fjarðarbyggðar. Enn sem komið er hefur þetta fyrirkomulag gengið vel.

Ýmis viðhaldsverkefni á skólanum sem legið hafa fyrir í mörg ár erum komin í ferli. Þar má nefna skólalóðina, þakskeggið, hljóðvist, ný útidyrhúð og forstofu ásamt fleiru. Það er því hellingur að gerast sem er jákvætt.

En er þetta þá bara allt frábært?

Mitt svar er nei, það er ekki allt frábært en mín upplifun er að flest sem snýr að skólanum hafi staðist þær væntingar sem ég hafði fyrir. Það þýðir samt ekki að allt hafi gengið þrautarlaust fyrir sig í þessari sameiningu. Það hefur alveg tekið á að setja sig inn í nýjar reglur, verklag, sameiginleg svæði, meðtaka allar upplýsingar og aðlagja þær að starfsumhverfi skólans. Stundum veit ég ekkert við hvern ég á að tala eða hver er í raun hver, stundum vantar bara að tengja andlit við nafn. Vegna Covid hefur ekki verið mikill samgangur á milli stofnana heldur.

Ég sé alveg að við getum bætt boðleiðir milli deilda og upplýsa betur hver á að gera hvað. Hvenær á að hringja í starfsmenn í áhaldahúsi og hvenær er málið komið á borð skipulagssviðs? Hvenær á ég að senda erindi á tæknideildina og hvenær á ég bara að reyna að finna út úr málum sjálf? Þetta hljómar kannski ekki flókið en það getur farið mikil orka og tími í að finna út úr einföldum hlutum í nýju skipulagi. Við þurfum að gefa okkur tíma í að stilla saman nýja strengi.

Ég er enn að átta mig á hvernig heimastjórn vinnur, kemur heimastjórn aldrei að fræðslumálum? Sama má segja um fulltrúa sveitarstjóra, í hvaða tilfellum á ég að hafa samband við hann? Kannski er bara komin tími á íbúafund þar sem farið er vel yfir hvað hefur gengið vel á s.l. ári og hvar við getum bætt okkur.

Kannski er ég ekki búin að tileinka mér allar boðleiðir og suma daga hugsa ég hvort að þetta hafi ekki bara verið einfaldara þegar við vorum gamli Djúpavogshreppur, þegar maður gat farið í Geysi og fengið svör við öllu og kaffi með því, eða var það ekki örugglega þannig? Trúlega hefði nú allt verið einfaldara ef að sameiningin hefði ekki átt sér stað í miðjum heimsfaraldri... já, og stundum finnst mér ég ekki sjá hægðatið eins vel og áður en það er líka efni í annan pistil.

En ég er mjög sátt við það bakland sem Djúpavogsskóli hefur í nýju sveitarfélagi. Nú ári síðar þegar ég hef kynnst mörgum nýjum sveitungum, byggt upp traust í samskiptum við fólk sem ég hef jafnvel aldrei hitt og er að átta mig á hvernig ný stjórnsýsla virkar, þá er ég nokkuð sátt. Þegar ég hins vegar veit ekkert hvað ég á að gera eða við hvern ég á að tala þá hefur það aldrei brugðist að hringja í 4700700 og mesta hrósið fær sá sem svarar þeim síma og leiðbeinir mér alltaf með jákvæðni og kurteisi á réttan aðila.

Með þannig viðhorf hljótum við að finna út úr þessu saman.

Áfram veginn...eða eins og barnið sagði á brúnni í Berufjarðarbotninum þarna um árið...áfram vegur.

Obba

VISIT DJÚPIVOGUR SÍÐAN

Síðustu mánuði hefur verið unnin Visit síða fyrir Djúpavog í fyrsta sinn. Þar eiga að vera helstu upplýsingar um staðinn fyrir gesti, íslenska sem erlenda. Nú er vefsíðan komin upp á bæði íslensku og ensku og hvetjum við lesendur Bóndavörðunnar til að kíkja á!

Allar ábendingar mega berast til greta.samuelsdottir@mulathing.is

www.visitdjupivogur.is



**MEÐAN Á DÖGUM MYRKURS STENDUR
VERÐUR KÖKUBORÐIÐ Í VIÐ VOGINN
MEÐ SKELFILEGRA MÓTI & GESTIR GETA GÆTT
SÉR Á BLÓÐUGUM EFTIRRÉTTUM,
KÖNGULÓAMÚFFUM, DRAUGAKEXI & ÖÐRU
Í ANDA DAGA MYRKURS & HREKKJAVÖKU.**

**ALLA VIKUNA VERÐUR NORNASÚPA Í BOÐI ÁSAMT
HEIMABÖKUÐU BRAUÐI**



FRÁ NEISTA

Aðalfundur Neista var haldinn á Hótel Framtíð í lok maí. Fundurinn var vel sóttur en auk venjulegra aðalfundarstarfa var farið yfir málefni Neista síðasta árs. Tveir fulltrúar úr stjórn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn Neista og var óskað eftir tilnefningu nýrra stjórnarmeðlima og buðu nokkrir sig fram. Ný stjórn tók til starfa eftir fundinn sem var þannig skipuð:

Dórdís Sigurðardóttir formaður
Alfreð Örn Finnsson varaformaður
Eva Björk Hlöðversdóttir gjaldkeri
Sigrún Eva Grétarsdóttir ritari
Hafðís Reynisdóttir meðstjórnandi
Natan Leó Arnarsson meðstjórnandi
Sigurjón Stefánsson meðstjórnandi
Þórir Stefánsson meðstjórnandi
Sigurður Ágúst Jónsson meðstjórnandi

Á haustmánuðum drógu svo Natan Leó Arnarsson og Hafðís Reynisdóttir sig úr stjórn Neista og er þeim þakkað fyrir þeirra störf í þágu Neista.

Albert Jensson var framkvæmdastjóri Neista síðasta ár og fram á vor þegar hann fór til annarra starfa. Í sumar var því enginn framkvæmdastjóri starfandi og sá stjórnin um skipulag og utnumhald. Í haust var ákveðið að ráða Heru Líf Liljudóttir sem framkvæmdastjóra hjá Neista í 25% starfshlutfall. Við erum að endurskoða fyrirkomulag framkvæmdastjórnastöðunnar en mikilvægt er að það sé starfandi framkvæmdastjóri yfir sumartímann.

Stjórn Neista leggur áherslu á uppbyggingu svæðisins í Blánni fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun og að börn staðarins hafi aðgang að íþróttum allt árið. Í sumar var boðið upp á æfingar í sundi, frjálsum íþróttum og knattspyrnu. Þjálfarar voru Jens og Viktor Ingi með knattspyrnuæfingar, Katla Rún og Vigdís með frjálsar íþróttir og sund.

Þá héldum við upp á 17. júní með skrúðgöngu frá Íþróttahúsinu þar sem blöðrur og andlitsmálning voru í boði fyrir áhugasama. Þegar komið var á íþróttasvæðið í Blánni tóku fjallkonurnar við en þær Natalia Lind Óðinsdóttir og Hekla Pálmadóttir lásu ljóð eftir langömmu sína Jónínu Þorbjörgu Magnúsdóttur frá Fagrahvammi sem heitir Vorið kemur. Auðvitað var vatnsrennibrautin aðalfjörð en í lokin voru grillaðir hamborgarar og pylsur.

Þá hefur Sindri á Höfn og Neisti verið í samstarfi í nokkrum flokkum í knattspyrnu þannig að sameiginlegt lið Sindra/Neista keppti á Íslandsmótinu hjá yngri flokkunum auk þess sem farið er á ýmis fótboldamót. Í 3. flokk karla voru tvö lið hjá Sindra/Neista og 11 strákar frá Neista, 2 í A-liði og 9 í B-liði. Í 3. flokki kvenna var eitt lið með 7 stelpum frá Neista, í 5. flokki karla var einn Neistastrákur og í 5. flokki kvenna voru 5 stelpur frá Neista. Þessi lið kepptu öll í Íslandsmótinu og stóðu sig mjög vel. Í 6. flokki karla hjá Sindra/Neista var farið á fjögur mót í sumar, Þ.S. mótið/Hattarmótið í Fellabæ, Setmótið á Selfossi, Orkumótið í Eyjum og TM mót í Garðabæ þar sem þeir unnu háttvísisverðlaun mótsins. Það eru fjórir strákar frá Neista í liðinu. Í 7. flokki eru 6 strákar að spila með sameiginlega liðinu og fóru þeir á ÞS mótið/Hattarmótið á Egilsstöðum og sumir fóru líka á Norðurálmótið á Akranesi. Neisti var líka með lið í 8. flokki sem keppti á Egilsstöðum í vor en það var í fyrsta skipti sem Neisti fer með lið í þeim flokki á mót og voru 11 keppendur frá Neista á þessu móti.

Þá voru 6 leikir spilaðir á Djúpavogsvelli þar sem Sindri/Neisti tók á móti hinum ýmsu liðum. Þannig spilaði 3. flokkur A-lið karla á móti Val frá Reykjavík og vann þann leik með 6 mörkum gegn 2 mörkum Vals. Sama dag tóku 3. flokks stelpur í Sindra/Neista á móti Völsungi frá Húsavík og var hörkuleikur sem endaði 3-4 fyrir Völsungi. Í ágúst var svo leikjavika þar sem 5. flokkur kvenna reið á vaðið og tók á móti Fjarðabyggð/Leikni sem rétt mörðu sigur í æsispennandi leik sem endaði 2-3 fyrir Fjarðabyggð/Leikni. Þá tók við 5. flokkur karla á móti Þór 2 og Þór 3 frá Akureyri. Tvö lið eru í 5. flokk karla hjá Sindra/Neista og unnu þeir fyrri leikinn við Þór 3 þar sem staðan varð 4-1 fyrir Sindra/Neista en töpuðu seinni leiknum 2-6 við Þór 2. Síðasti leikur sumarsins var hjá 3. flokk karla Sindra/Neista C-liði en þess má geta að hluti liðsins er í 4. flokki og eru því yngstu leikmennirnir að spila upp fyrir sig við leikmenn sem eru þremur árum eldri en þeir sjálfir. Þessi leikur var á móti ÍR frá Reykjavík og unnu þeir leikinn með 2 mörkum gegn engu marki ÍR.

KSÍ heldur úti verkefninu Komdu í fótbolta með Mola og hefur Djúpvogur verið einn af viðkomustöðunum. Settar eru upp æfingar sem krakkarnir á staðnum fá að spreyta sig í en góð þátttaka hefur verið hjá Neistakrökkum.

Neisti á þrjá fulltrúa í æfingahóp KSÍ í knattspyrnu en þjálfarar tilnefna ungt knattspyrnufólk fætt 2007 og 2008. Æfingar hjá hópnum fara fram ýmist á Egilsstöðum eða Reyðarfirði og sér Sigríður Baxter um æfingarnar auk annarra þjálfara frá austurlandi eða frá KSÍ. Á æfingunum eru síðan valin áfram þau sem KSÍ vill fylgjast betur með og fara þau í úrtakshóp KSÍ og eiga möguleika á að komast í U15 hóp landsliðsins. Fulltrúar Neista í æfingahópnum eru Sævar Atli Sigurðarson, Sigurður Atli Egilsson og Óðinn Pálmason. Við óskum þeim góðs gengis á þessum æfingum.

Neisti hélt úti liði í utandeild UÍA sem heitir Launaflsbikarinn með stuðningi Sindramanna sem margir hverjir eiga tengingar við Djúpavog á einn eða annan hátt. Auk þeirra fengu Neistaleikmenn tækifæri til að taka þátt og sýna hvað í þeim býr. Þess má geta að Djúpavogsvöllur var heldur betur erfiður viðureignar þar sem Neisti vann alla sína leiki á vellinum og stærsti sigurinn var á móti Hrafnkeli Freysgoða 18 - 0 en því miður dró Hrafnkell sig úr keppninni á miðju tímabilinu svo þessi leikur taldist ekki með. Í Launaflsbikarnum var allt gert til að lið gætu spilað leiki þó falið væru og þegar UMFB heimsótti Neista í Blánna voru fengnir nokkrir sprækir Neistastrákar til að manna lið UMFB en það dugði ekki til og stóð Neisti upp sem sigurvegari leiksins. Þá spiluðu tveir ungir og efnilegir með liði Hrafnkels Freysgoða.

Það var því nóg um að vera á Djúpavogsvelli í allt sumar því auk þess sem Neisti keppti í Launaflsbikarnum og leikir yngri flokka á Íslandsmóttinu voru á vellinum þá var Djúpavogsdeildin haldin eins og síðustu sumur.

Neisti átti glæsilega keppendur á Sumarhátíð UÍA í byrjun júlí og stóðu keppendur sig mjög vel. Við áttum bæði keppendur á sundmóttinu, frjálsíþróttamóttinu og í öðrum greinum sem boðið var upp á meðal annars kröfubolti, 3 á 3, og skák. Mörg verðlaun í frjálsum íþróttum komu í hlut Neistakrakkanna og var keppnishópur Neista næst fjölmennasti verðlaunahópurinn á UÍA þetta sumarið með samtals 45 verðlaunasætum. Í sundinu átti Neisti langflesta keppendurna og fengum við 380 heildarstig í keppninni og 29 verðlaunasæti.



Til að halda utan um tæki og búnað Neista var keyptur gámur sem staðsettur er við íþróttavöllinn en þar getum við geymt bolta, keilur og frjálsíþróttabúnað sem notaður er á sumrin.

Við keyptum annan pannavöll í sumar og ætlum að setja hann upp næsta sumar auk þess að lagfæra pannavöllinn sem hefur verið í notkun í sumar. Ýmis frjálsíþróttatæki voru keypt í sumar en það sem við áttum var orðið frekar dapurt. Þá fékk Neisti styrk frá Múlaþingi til að kaupa 9 holu Frisbí-golfvöll. Búið er að kaupa körfurnar og ætlum við að setja hann upp í vor. Það er mikil vinna að koma öllu af stað á sumrin og höfum við verið svo heppin að á vinnudegi Neista hefur fólk verið duglegt að koma sem sjálfboðaliðar og aðstoða við að gera og græja svæðið fyrir sumarið. Næsta vor verður hellingur af verkefnum fyrir duglega sjálfboðaliða að koma upp pönnuvelli, frísibíggfelli og vinna í kringum körfuboltavöllinn auk hefðbundinna vorverka í Blánni.

Þá hafa Djúpavogsbúar verið duglegir að styrkja Neista með dósnum og flöskum sem iðkendur og foreldrar þeirra hafa safnað upp í körfuboltavöll sem er nú í geymslu þangað til hægt verður að setja hann upp. Körfuboltavöllurinn er þannig að tvær hæðarstillanlegar körfur og plastmottur mynda völlinn. Múlaþing mun sjá um undirlag vallarins og er hönnunarvinna í gangi varðandi það auk þess sem verið er að vinna í kostnaðaráætlun verksins. Steypt verður undir motturnar auk þess sem huga þarf að lýsingu vallarins og grindum í kringum hann. Það er ljóst að þegar farið verður af stað í uppsetningu vallarins og ýmsan frágang mun Neisti þurfa á mörgum duglegum sjálfboðaliðum að halda til að koma vellinum upp. Þegar kemur að því munum við auglýsa eftir vöskum einstaklingum til að aðstoða við verkið.

Við ætlum að halda áfram að safna flöskum og dósum og stefnum á áframhaldandi uppbyggingu á Íþróttasvæðinu í Blánni. Tartan hlaupabraut, heilsustígur/hlaupahringur út að Borgargarðsvatni, strandblakvöllur og hjólabrettasvæði eru allt hugmyndir sem hafa komið upp en við viljum endilega fá fleiri hugmyndir um nýtingu svæðisins.

Þá kom upp hugmynd um að stofna sérstakt íþróttaráð ungmenna innan Neista þar sem unga fólkið okkar hefði rödd inn í stjórnina og viljum við endilega óska eftir 3 fulltrúum unga fólksins í þetta ráð. Samkvæmt ÍSÍ er aldursmörk ungs fólks í stjórn 16-25 ára en við viljum gefa öllum þeim sem hafa náð 14 ára aldri til 25 ára aldurs kost á því að koma inn í íþróttaráðið og eiga fulltrúa í stjórn Neista. Þeir sem hafa áhuga mega senda tölvupóst á Neista.

Þá kom upp hugmynd um að stofna sérstakt íþróttaráð ungmenna innan Neista þar sem unga fólkið okkar hefði rödd inn í stjórnina og viljum við endilega óska eftir 3 fulltrúum unga fólksins í þetta ráð. Samkvæmt ÍSÍ er aldursmörk ungs fólks í stjórn 16-25 ára en við viljum gefa öllum þeim sem hafa náð 14 ára aldri til 25 ára aldurs kost á því að koma inn í íþróttaráðið og eiga fulltrúa í stjórn Neista. Þeir sem hafa áhuga mega senda tölvupóst á Neista.

Við auglýstum eftir þjálfara í haust og höfum ráðið til okkar þjálfara frá Litháen að nafni Ricardas. Hann er kennari að mennt frá Republic of Lithuania Vilnius Pedagogical University og íþróttakennari frá Lithuanian Academy of Physical Education. Hann hefur kennt grunnskólabörnum íþróttir og landafræði auk þess sem hann hefur þjálfað börn og ungmenni í fótbolta. Hann talar ensku og er aðeins byrjaður að læra íslensku en honum til aðstoðar verður Bjartur Elí Egilsson. Þá fengum við Auðbjörgu Elísu Stefánsdóttur til að þjálfa sund fyrir 2. - 7. bekk. Það er von okkar að seinna meir getum við boðið upp á sundnámskeið fyrir eldri nemendurna og jafnvel aukið fjölbreytni í æfingum með nýjum þjálfara.

Það er óhjákvæmilegt að árekstrar verði á stundatöflunni en út frá skráningum í tíma og fjölda iðkenda hverju sinni er taflan gerð. Við viljum gefa flestum kost á því að stunda æfingar en til þess að ná þessari samfellu skóladagsins hjá nemendum þá urðum við að bæði fjölga æfingum. Nemendum á grunnskólaaldri hefur fjölgað síðustu ár og bætt var við þjálfurum sem nú eru tveir í stað eins þar sem mesta þörfin er. Íþróttasalurinn og sundlaugin geta samt bara tekið við ákveðið mörgum í einu til þess að æfingar verði markvissar og iðkendurnir fái út úr þeim það sem lagt er upp með. Því er mikilvægt að skráning sé gerð tímanlega til að tryggja pláss á æfingunum. Við munum síðan skoða það hvort fjölga þurfi æfingum eða sameina tíma eftir skráningum. Þá viljum við benda foreldrum og aðstandendum á það að hægt er að sækja um íþrótt- og tómstundastyrk að hámarki 30 þúsund fyrir hvern iðkanda á ári en auk þess er hægt að sækja um sérstakan frístunda- og tómstundastyrk fyrir tekjulág heimili en hann var settur af stjórnvöldum vegna Covid 19. Hægt er að hafa samband við framkvæmdastjórn okkar hana Heru Líf til að fá frekari upplýsingar um þessa styrki og aðstoð við að sækja um þá.

Það er að mörgu að hyggja til að halda uppi íþróttafélagi. Við viljum bjóða upp á æfingar fyrir börnin og auðvitað hafa þær sem fjölbreyttastar. En í litlu þorpi er það oft mannauður staðarins sem stýrir því hvað er í boði hverju sinni. Þá eru það stuðningsaðilarnir sem hjálpa til við að reka félagið og sem betur fer hafa fyrirtæki og einstaklingar verið duglegir við að styrkja okkur sem vonandi skilar sér til baka í gegnum börnin okkar allra. Auðvitað er margt sem má bæta og alltaf má gera betur en með samstöðu og samvinnu er okkur allir vegir færir. Við erum með íþróttafólk sem eftir er tekið hvert sem við komum. Krakkarnir okkar standa sig vel, eru kurteis og algjörlega til fyrirmyndar í allri framkomu. Við eigum fótboltaleikmenn sem standa sig vel í samstarfinu við Sindra/Neista. Í sumum árgöngum getum við teft liði Neista einum og sér. En oft er það mjög tæpt og má lítið út af bregða til að láta það ganga upp. Ef við getum það þá gerum við það auðvitað. Hitt er svo annað að Sindri þarf á okkur að halda alveg jafn mikið og við á þeim til að ná liði í öðrum aldursflokum. Til dæmis er bara einn strákur í Sindra að æfa knattspyrnu fæddur 2008 og tvær stelpur fæddar 2009 sem æfa knattspyrnu (þær hafa spilað með strákunum hingað til). Það er því alveg eins okkar hagur eins og þeirra að samstarfið sé gott en auðvitað er þetta alltaf foreldrarnir sem þurfa að stíga skrefið þar sem skutlið á æfingar og leiki er þeirra. Hlutur Neista í samstarfinu er að halda utan um leiki á Djúpavogsvelli og koma þjálfurum Neista í samband við þjálfara Sindra. Annað er foreldranna og barnanna sjálfra.

Bjartir tímar eru framundan hjá Neista og ætlum við að halda ótrauð áfram í því að styrkja starfið hjá félaginu og vonandi getum við boðið upp á fjölbreyttari æfingar þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Félagshúsið okkar Neisti í Blánni er mikilvægt til að halda utan um starfsemina. Í boði er að leigja húsið fyrir uppákomur gegn vægu gjaldi og er það gert með því að hafa samband í gegnum tölvupóst Neista, ungmennafelagid.neisti@mulathing.is

Það er gefandi og ótrúlega skemmtilegt að starfa í stjórn Neista og ef einhver hefur brennandi áhuga á að koma inn í stjórnina þá má alltaf óska eftir því að koma inn í stjórnina og láta gott af sér leiða. Annars er líka alltaf möguleiki á að koma inn í stjórn á Aðalfundi félagsins. Núverandi stjórn þakkar fyrir stuðninginn en án hans væri félagið ekki til. Að lokum viljum við benda á að Bláin er okkar og göngum því vel um svæðið okkar.

Áfram Neisti!

Fyrir hönd stjórnar Neista
Þórdís Sigurðardóttir,
formaður

FRÁ AUSTURBRÚ

Matarmót Matarauðs Austurlands fór fram föstudaginn 1. október í Hótel Valaskjálfr og var á vegum Austurbrúar. Þar gafst matvælaframleiðendum á Austurlandi færi á að kynna sínar vörur fyrir gestum og gangandi. 26 framleiðendur tóku þátt og gestir voru um 150. Flestir þátttakendur voru úr veitinga- og matvælageiranum, auk ýmissa hagaðila. Meginmarkmiðið var að tengja saman þá sem framleiða mat og þá sem framreiða og selja matvörur á Austurlandi.


Framleiðendur úr Djúpvogshreppi hinum gamla voru fimm, eða 19% af heildarfjölda sýnenda:

Lefever Sauce með "heitar sósur" o.fl.
Geislar Gautavík með hampe o.fl.
Birkir Helgason með Hafsalt, salt og kryddsmjör
Goðanes grafinn þorskur með grafinn þorsk
Bergþóra Valgeirsdóttir með grafið kjöt frá Lindarbrekku

Það er samdóma álit allra að viðburðurinn hafi verið mjög vel heppnaður og vonandi fáum við tækifæri til að gera þetta aftur. Ljóst er það að er mikil gróska í matvælaframleiðslu á Austurlandi og hafa margir frumkvöðlar og einyrkjar tekið sín fyrstu skref.

Meðfylgjandi myndir eru teknar af Ester Ösp Gunnarsdóttur starfsmanni Austurbrúar. Fleiri fréttir og ýmislegt um tengda viðburði má finna á Austurbru.is

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir,
verkefnastjóri



Dagar Myrkurs 2021



Hf
Hótel
Framtíð

Okkur á Hótel Framtíð langar
að þakka viðskiptavinum okkar
fyrir sumarið sem var að líða.



Viljum minna á að Hryllilega
smár smáréttaseðill verður í
boði á Hótel Framtíð á Dögum
myrkurs þann **27. - 31. október.**

Seðillinn verður auglýstur á heimasíðunni okkar,
og á facebook og instagram síðar í október.
Fylgist með!

